



Hvað er spurnið í opinbera vefi 2013?

Spurningalist

Spurningarnar hér að neðan eru almennar spurningar til tengiliða sem snúa að stofnuninni. Athugið að þegar talað er um stofnun í könnuninni er átt við ríkisstofnun, sveitarfélag, embætti eða sérvef.

Viðtakandi er beðinn um svara spurningum á þessari síðu. Takið eftir að einungis er átt við spurningar sem merktar eru 2013. Gögn merkt 2011 eru einungis til hliðsjónar til að svarandi sjái hvaða svar var gefið árið 2011. Þegar ekki eru birt gögn frá 2011 er um að ræða nýja spurningu.

Athugið að spurningar í þessum lið gefa ekki stig.

Spurningar til tengiliða

1. Almennar spurningar

- 1.1. Nafn stofnunar
- 1.2. Tengiliður
- 1.3. Tegund stofnunar
 - 1.3.1. Ef ríkisstofnun, undir hvaða ráðuneyti fellur stofnunin?
- 1.4. Hvar er stofnunin staðsett?
- 1.5. Hver er fjöldi stöðugilda?
- 1.6. Hefur starfsmaður verið ráðinn til að sinna vefmálum sérstaklega (t.d. ritstjóri eða vefstjóri)?
- 1.7. Hversu hátt starfshlutfall telur þú að fari í að sinna vefmálum (t.d. vefstjórn, ritstjórn, forritun, innsetning á efni, hönnun, annað)?
- 1.8. Hefur stofnunin keypt þjónustu vegna vefmála það sem af er þessu ári og/eða árið 2012 (t.d. forritun, þarfagreiningu)?
- 1.9. Er innri vefur í notkun?
- 1.10. Er umferð um vefinn mæld?
 - 1.10.1. Ef já, hvaða mælitæki er notað til vefmælinga?



- 1.10.2. Ef vefmælingar eru fyrir hendi, hvernig voru eftirfarandi tölur fyrir síðustu 12 mánuði (okt 2012 - sept 2013)?
 - 1.10.2.1. Fjöldi gesta (visitors)
 - 1.10.2.2. Fjöldi innlita (visits)
 - 1.10.2.3. Fjöldi flettinga (page views)
- 1.11. Er vefurinn settur upp í sérstöku vefumsýslukerfi?
 - 1.11.1. Ef já, hvaða kerfi er notað?
- 1.12. Þarf notandi að auðkenna sig til þess að skoða einhvern hluta vefjarins eða þjónustu í tengslum við hann?
 - 1.12.1. Ef já, til hvers þarf notandinn að auðkenna sig?
 - 1.12.2. Hvernig er notandi auðkenndur í upphafi?
- 1.13. Hversu vel telur þú að stofnunin sinni vefmálum?
- 1.14. eru viðhorf notenda síðunnar könnuð með einhverjum hætti, til dæmis viðhorfskönnun á vefnum?

2. Mat á innihaldi vefjarins

Takið eftir að hér hafa matsmenn Sjá skoðað þá vefi sem könnunin nær til og svarað spurningum um þá. Ekki er hægt að breyta þeim gögnum, en viðtakendum býðst að bæta við athugasemdum við hverja spurningu og eru viðtakendur hvattir til að nýta það tækifæri.

Hér að neðan er innihald vefjarins metið. Vefurinn var metinn samkvæmt eftirfarandi gátlista og stig gefin í samræmi við hann. Niðurstöður úr sama gátlista frá árinu 2011 eru einnig birtar til samanburðar.

Þar sem ekki eru niðurstöður frá 2011 er um að ræða nýja eða breytta spurningu og þess vegna ekki hægt að birta niðurstöður úr fyrri könnun.

Athugasemdir við niðurstöður matsmanna

Tengiliðir geta komið með athugasemdir við hvern lið.

- 2.1. Er hægt að sjá hvar stofnunin er til húsa, síma og netfang?
- 2.2. Er hægt að sjá hver helstu viðfangsefni stofnunarinnar eru?



- 2.3. Er hægt að sjá lög og reglugerðir sem tengjast stofnuninni?
- 2.4. Er hægt að skoða stefnur, markmið og/eða samþykktir stofnunarinnar?
- 2.5. Er hægt að skoða fjármálalegar upplýsingar, s.s. ársskýrslur, ársreikninga og fjárhagsáætlanir?
- 2.6. Eru upplýsingar um tengiliði, deildir eða starfsfólk?
(nóg er að vísa í einn tengilið/deild)
- 2.7. Er hægt að skoða fundargerðir?
(á aðeins við sveitarfélög)
- 2.8. Er vefurinn á öðru tungumáli en íslensku?
- 2.9. Er hægt að skoða skipurit stofnunarinnar?
- 2.10. Er vísað á hvar ætti að skoða laus störf?

3. Mat á nytsemi vefjanna

Takið eftir að hér hafa matsmenn Sjá skoðað þá vefi sem könnunin nær til og svarað spurningum um þá. Ekki er hægt að breyta þeim gögnum, en viðtakendum býðst að bæta við athugasemdum við hverja spurningu og eru viðtakendur hvattir til að nýta það tækifæri.

Hér að neðan er nytsemi vefjarins metin. Vefurinn var metinn samkvæmt eftirfarandi gátlista og stig gefin í samræmi við hann. Niðurstöður úr sama gátlista frá árinu 2011 eru einnig birtar til samanburðar.

Þar sem ekki eru niðurstöður frá 2011 er um að ræða nýja eða breytta spurningu og þess vegna ekki hægt að birta niðurstöður úr fyrri könnun.

Athugasemdir við niðurstöður matsmanna

Tengiliðir geta komið með athugasemdir við hvern lið.

- 3.1. Eru flokkar í aðalleiðarkerfi eins á öllum síðum og greinilegt að smella eigi á flokka?
- 3.2. Er útlit vefjarins samræmt?
- 3.3. Er tengill á forsíðu á hverri síðu?
- 3.4. Er vefurinn sérstaklega hannaður fyrir farsíma, spjaldtölvur eða önnur tæki?
- 3.5. Er til staðar efnisflokkun í samræmi við markhópa stofnunarinnar á forsíðu?



- 3.6. Er litur á lettri, millifyrirsagnir og stafagerð í samræmi?
- 3.7. Er leit til staðar?
- 3.8. Ef leitað er að nafni stofnunarinnar á Google, hversu ofarlega birtist hún í leitarniðurstöðum?

4. Mat á aðgengi

Takið eftir að hér hafa matsmenn Sjá skoðað þá vefi sem könnunin nær til og svarað spurningum um þá. Ekki er hægt að breyta þeim gögnum, en viðtakendum býðst að bæta við athugasemdum við hverja spurningu og eru viðtakendur hvattir til að nýta það tækifæri.

Hér að neðan er aðgengi vefjarins metið. Vefurinn var metinn samkvæmt eftirfarandi gátlista og stig gefin í samræmi við hann. Athugið að þessum hluta könnunarinnar hefur verið breytt verulega og því ekki sýnd svör frá 2011.

Athugasemdir við niðurstöður matsmanna

Tengiliðir geta komið með athugasemdir við hvern lið.

- 4.1. Eru allar myndir á síðunni með alt texta (annað hvort texta eða alt = "")?
- 4.2. Ef tengill á myndband er á forsíðu, er það textað og/eða er hægt að sækja handriti (transcript) af innihaldi þess?
- 4.3. Eru fyrirsagnir notaðar til þess að flokka efni og gera það aðgengilegt notendum?
- 4.4. Ef efni er sett fram í töflu, eru töflurnar merktar nægilega vel (eru reitir með dálka- og raðaheitum merktir sem slíkir)?
- 4.5. Ef útfyllingarreitir (form field) er til staðar og hann er merktur, þá er einhvers konar tenging milli merkingar og reitsins sjálfs.
- 4.6. Er litaskerpa (litakonstrast) í lagi, litur milli tengla og textans í kringum þá annars vegar og (mótstöðuhlutfall á að vera 3:1) og hlutfall milli textans og bakgrunnsins hins vegar (4.5:1 fyrir venjulegan texta eða 3:1 fyrir 18 punkta eða feitleitraðan 14 punkta texta).
- 4.7. Er hægt að virkja alla hluti á vefnum án músar?
- 4.8. Ef á vefnum er efni sem uppfærast sjálfkrafa, er þá tengill til staðar til að stöðva uppfærslur (og/eða með escape lyklinum þegar fókusinn er inni í efninu)?
Ef margmiðlunarefni fer sjálfkrafa í gang á vefsíðu er þá hægt að stöðva það með lyklaborðsaðgerð eða tengli? Þetta gildir einnig um Flash, notandi á að geta fundið pause/play hnapp sem er merktur eða geta notað lausnarlykilinn (escape) til að stöðva á afspilun.



- 4.9. Blikkandi efni (ekki meira en 3var á sekúndu), veldur ekki flogaköstum og inniheldur ekki of mikið af rauðum lit. Skoða Flash threshold.
- 4.10. Eru landmarks og/eða skip tenglar til staðar sem gera notendum kleift að fara milli hluta og aðgerða á síðunni á einfaldan og skilvirkan hátt, með lyklaborði einu saman?
- 4.11. Er titill vefjarins skýr og gefur hann til kynna hvert hlutverk hans er (titill skal innihalda heiti stofnunar - heiti síðu t.d. Innanríkisráðuneyti - hafa samband)?
- 4.12. Er lyklaborðsfókusinn (lína í kringum virkan hluta á síðu) til staðar, þ.e.a.s. ef notandi notar tab lykil til að ferðast um síðuna, getur hann alltaf séð hvar bendill er staðsettur?
- 4.13. Er tungumál vefjarins skilgreint ("lang=is" fyrir íslensku)?
- 4.14. Eru allir innsláttar- og valreitir merktir á aðgengilegan hátt? Ef notandi gerir villu við innslátt er fókusinn í viðeigandi reit og eru villuskilaboðin lesin?
- 4.15. Allir reitir hafa einvers konar merkingu (label/title eða ARIA merkingu, einu reitir sem þurfa ekki merkingu eru inpunt reitir með type="submit" en þar þarf value eigindið að vera lýsandi.
- 4.16. Er síðan vel kóðuð (fellur hún að kóðastöðlum)?
Athugað er sérstaklega hvort sama ID sé notað fyrir mismunandi hluti á vefnum.
- 4.17. PDF skjöl
 - 4.17.1. Er skjalið textaskjal (frekar en mynd af texta)? Hér skal gefið stig ef boðið er up á útdrætti fyrir flókin skjöl og/eða html umsóknir. Ath! Word skjöl fá ekki stig.
 - 4.17.2. Er skjalið merkt (tagged) svo lesröðin skili sér rétt til stoðtækni hugbúnaðar?
 - 4.17.3. Eru skjöl sem innihalda innsláttarreiti merktir þannig að notandi geti unnið með þá?
- 4.18. Býður vefurinn upp á að stækka letur og breyta bakgrunnslit (fyrir lesblinda notendur sem og notendur með skerta sjón) með þar til gerðum hnöppum?
- 4.19. Er íslenskur talgervill til staðar á vefnum?
- 4.20. Farið var yfir vefinn með sjálfvirku prófi - Wave Toolbar (frá WebAIM) var notaður. Niðurstöðurnar eru sem hér segir: _____



Þjónusta stofnana

Á þessari síðu eru niðurstöður úttektar sem framkvæmd hefur verið á vefsíðu stofnunar/sveitarfélags.

Aðeins er hægt að koma á framfæri athugasemdum í þar til gerða reiti við niðurstöðurnar en ekki breyta þeim á þessari síðu.

Í þessum hluta er sú þjónusta sem í boði er hjá stofnuninni á vefnum metin og flokkuð.

Hér að neðan koma niðurstöður matsmanns Sjá á þjónustu stofnunarinnar. Tengiliðir geta komið athugasemdum á framfæri við niðurstöður matsmanna í athugasemdareitum við hverja spurningu.

Eftirfarandi skilgreiningar á þjónustuflokkum voru notaðir við matið:

5. Er til staðar þjónusta sem flýtir afgreiðslu mála?

Með því er átt við að gögn séu aðgengileg á síðunni sem flýta afgreiðslu, jafnvel án þess að um gagnvirka þjónustu sé að ræða. Einnig fellur hér undir virkni sem auðveldar skilning og upplýsingaflæði til notenda. Dæmi um slíkt eru til dæmis eyðublöð sem hægt er að prenta út, reiknivélar, spurt og svarað virkni, tenglar á sérsíður stofnana.

6. Er til staðar þjónusta sem felur í sér rafræna móttöku eða afgreiðslu?

Hér er átt við að rafrænir ferlar séu notaðir til þæginda fyrir notendur. Hér er oftast notast við einhvers konar innskráningarferli. Dæmi um rafræna afgreiðslu eru til dæmis eyðublöð sem hægt er að skila á vefnum, spjallborð og vefverslun.

6.1. Ef þessi þjónusta er til staðar á aðgangsstýrðum vef þá er ekki víst að matsmenn hafi getað skoðað hana. Vinsamlegast gerið grein fyrir henni hér:

7. Er til staðar þjónusta sem felur í sér rafræna málsmeðferð?

Hér er um að ræða fyllilega rafræna málsmeðferð, ákvarðanatöku og skil niðurstaðna. Í þessu felst að notendur þurfa að auðkenna sig, til dæmis með veflykli eða rafrænum skilríkjum. Notendur fá einstaklingsmiðaðan aðgang, óska eftir þjónustu og sækja upplýsingar um málsmeðferð og niðurstöður í gegnum vefinn. Dæmi um rafræna málsmeðferð er eins konar „Mín síða“, þ.e. á einkasvæði á vef fyrir einstaklinga og/eða fyrirtæki þar sem hægt er að senda inn umsóknir og fylgjast með stöðu þeirra í kerfinu.

7.1. Ef þessi þjónusta er til staðar á aðgangsstýrðum vef þá er ekki víst að matsmenn hafi getað skoðað hana. Vinsamlegast gerið grein fyrir henni hér:



Eyðublöð stofnunar

Markmið eftirfarandi spurninga er að athuga hversu langt stofnanir eru komnar með að útfæra þá þjónustu sem mæld er í spurningum 5, 6 og 7. Athugið að svörin reiknast til stiga í mati á þjónustu stofnunar og gilda þau 20% á móti niðurstöðum úr spurningum 2, 3 og 4.

Ef spurningunum er ekki svarað þá er gefin einkunninn núll hér.

8. Hve mörg eyðublöð eru í notkun hjá stofnuninni?

Ath. Hér er ekki átt við eyðublöð vegna innanhússnotkunar eða eyðublöð sem ekki er skilað til stofnunar. Tilgangur þessarar spurningar er að sjá hversu stórt hlutfall eyðublaða eru komin á vefinn.

Vinsamlegast flokkið eyðublöðin í eftirfarandi flokka:

8.1. Fjöldi eyðublaða sem eingöngu eru til á pappír:

8.2. Fjöldi eyðublaða sem eru á vefnum og hægt er að prenta:

8.3. Fjöldi eyðublaða sem hægt er að fylla út og senda inn á vefnum:

8.4. Fjöldi eyðublaða sem hægt er að skila inn á vefnum og jafnframt er hægt að fylgjast með afgreiðslu málsins á vefnum:

Markmið þessara spurninga er að athuga hve notendavæn þjónustan er, til dæmis hversu mikið notendum er auðveldað að nýta sér þjónustu stofnana.

9. Kemur stofnunin til móts við notendur með því að auðvelda innskráningu eða skráningu á eyðublöð og form með forskráningu gagna?

Dæmi: Kennitala er slegin inn og þá skráist nafn, heimilisfang og fleira sjálfkrafa í viðeigandi reiti eyðublaðsins.

10. Hefur stofnunin yfir að ráða sjálfvirkri afgreiðslu réttinda fyrir notendur?

Dæmi: Barn er skráð fyrir leikskólaplássi sjálfkrafa eða þegar afsláttarkort eru afhent sjálfkrafa.



Lýðræði

Á þessari síðu eru niðurstöður úttektar sem framkvæmd hefur verið á vefsíðu stofnunar/sveitarfélags. Aðeins er hægt að koma á framfæri athugasemdum í þar til gerða reiti við niðurstöðurnar en ekki breyta þeim á þessari síðu.

Í þessum hluta er leitast við að meta það sem í boði er á vefjunum og getur talist til lýðræðislegrar þátttöku eða rafræns lýðræðis.

11. Er til staðar virkni sem styður við lýðræðislega þátttöku (rafrænt lýðræði)? Átt er við virkni sem felur í sér að notendum er boðið að tjá sig um málefni stofnunarinnar sem sérstaklega er í umræðunni hverju sinni, til dæmis lagafrumvörp, skipulagsmál eða stefnumarkandi eða aðra ákvarðanatöku.
 - 11.1. Geta notendur á rafrænan hátt tekið þátt í fundarhöldum eða atburðum sem haldnir eru á vegum stofnunarinnar og lagt sitt til málanna.
 - 11.2. Er að finna upplýsingar um það hvernig samráðsferlinu er háttað á vef stofnunarinnar (þ.e. upplýsingar um hversu lengi samráðsferlið stendur yfir, hvernig athugasemdir eru afgreiddar með hvaða hætti niðurstöður þess verðar birtar opinberlega)?
 - 11.2.1. Ef já, vinsamlegast settu inn slóð/slóðir þar sem hægt er að skoða þessar upplýsingar?

Samskipti

Viðtakandi er beðinn um svara spurningum á þessari síðu. Takið eftir að einungis er átt við spurningar sem merktar eru 2013. Gögn merkt 2011 eru einungis til hliðsjónar til að svarandi sjái hvaða svar var gefið árið 2011. Þegar ekki eru birt gögn frá 2011 er um að ræða nýja spurningu.

Eftirfarandi spurningar fjalla um samskipti stofnunar við sína viðskiptavini og notendur vefjarins, hvernig þeim er háttað og hvaða tól notuð eru.

12. Hvaða tækni notar stofnunin til samskipta við notendur vefjarins?

Á ekki við

RSS frá stofnun

Fyrirspurnarform

Netspjall

Tölvupóstur eða vefform notaður til að taka við ábendingum/athugasemdum

Bulletin eða chat virkni notuð til að safna upplýsingum eða skoðunum notenda á málefnum

Blog eða umræður

Rafrænar skoðanakannanir til að safna upplýsingum/skoðunum



Rafrænar kannanir um árangur og þjónustu stofnunar
Rafrænar umræður um ákveðin stefnumál/tímabundnar umræður
Rafrænar umræðufundir (hægt að fylgjast með fundi, senda inn spurningar, o.þ.h)
Kosningar á vef (íbúakannanir sem hafa áhrif á ákvarðanir stofnunar)
Kosningar með farsíma / SMS (íbúakannanir sem hafa áhrif á ákvarðanir stofnunar)
Annað?

13. Er stofnunin skráð á samfélagsmiðil, t.d. Facebook eða Twitter?
- 13.1. Ef svarið er já, hversu virk er stofnunin?
- 13.2. Ef stofnunin er virk í notkun samfélagsmiðla, hvaða miðlar eru notaðir?

Opinn hugbúnaður

Viðtakandi er beðinn um svara spurningum á þessari síðu. Takið eftir að einungis er átt við spurningar sem merktar eru 2013. Gögn merkt 2011 eru einungis til hliðsjónar til að svarandi sjái hvaða svar var gefið árið 2011. Þegar ekki eru birt gögn frá 2011 er um að ræða nýja spurningu.

Eftirfarandi spurningar varða notkun á opnum eða frjálsum hugbúnaði hjá stofnuninni. Spurningarnar tengjast stefnu stjórnvalda um val á hugbúnaði.

Smelltu hér til að skoða stefnu stjórnvalda

<http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/stefna2008-2012>

14. Hefur stofnunin markað sér stefnu varðandi notkun á opnum eða frjálsum hugbúnaði?
Nánar um opinn eða frjálstan hugbúnað á UT-vefnum.
http://www.ut.is/Stafrænt_frelsi/frjals_hugbunadur/umfjollun/
- 14.1. Hefur stofnunin tekið ákvörðun um að starfsmenn noti frjálstan og opinn hugbúnað í daglegum störfum fremur en séreignarhugbúnað?
- 14.2. Er hægt að fletta upp eða sækja gögn í skráargeymslur stofnunarinnar í gegnum vefviðmót, samkvæmt hugmyndum um opin gögn?

(Opin gögn eru gögn sem öllum er frjálst að nota og dreifa. Þeim má miðla áfram undir opnum leyfisskilmálum þar sem í mesta lagi er gerð krafa um að geta uppruna og að tryggja áframhaldandi opið aðgengi.)
- 14.3. Ef hægt er að fletta upp eða sækja gögn í skráargeymslur stofnunarinnar, hvaða gögn eru það og á hvaða formi eru þau?



Að lokum

Hér má koma á framfæri athugasemdum um úttektina eða framkvæmd hennar.

15. Er eitthvað sem þér finnst að ekki hafi komið fram í úttektinni og þú vilt koma á framfæri?
- 15.1. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

Nú er könnuninni lokið - takk fyrir þátttökuna!